

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands nr. 703/2010 fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Hér með tilkynnist að heilbrigðisráðherra hefur staðfest meðfylgjandi breytingu á 8. gr. gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands nr. 703/2010 fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Breytingin öðlast gildi 1. janúar 2011 samkvæmt reglugerð nr. 698/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar, og gildir til 30. júní 2011.

Heilbrigðisráðuneytinu, 28. desember 2010.

Guðbjartur Hannesson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal.

Breyting á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr. gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sbr. auglýsingu nr. 703/2010:

Í stað orðanna „31. desember 2010“ kemur: 30. júní 2011.

Sjúkratryggingum Íslands, 21. desember 2010.

Steingrímur Ari Arason.

Kristján Guðjónsson.